



Mýrdalshreppur

Austurvegi 17

870 VÍK

Iceland

Garðabær, 23.1.2025

Málsnúmer: 202501-0029

BK

Efni: Ferðapjónusta á Norður og Suður-Fossi - Breyting á aðalskipulagi.

Vísað er í tölvubréf frá Mýrdalshreppi sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 3. janúar 2025. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna verslunar- og þjónustusvæðis VP33 Norður-Foss. Svæðinu er skipt í tvö svæði og fær nýtt verslunar- og þjónustusvæði heitið VP46 Suður-Foss. Einnig er bætt við svæði fyrir íbúðarbyggð, ÍB11, við hlið verslunar- og þjónustusvæðanna. Afmörkun verslunar- og þjónustusvæðanna breytist lítillega, en heildarstærð er óbreytt eða 13,2 ha. Íbúðarsvæðið er allt að 1,5 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsskyldufyrirpurn vegna ferðapjónustu á Norður-og Suður-Fossi þann 13. mars 2024 og var það álit stofnunarinnar að ekki væri þörf á umhverfismati.

Stofnunin vill þó ítreka mikilvægi þess að rekstraraðilar taki tillit til fuglalífs þegar kemur að framtíðaráformum og gæti þess m.a. að fjölgun gesta fylgi ekki aukin truflun fyrir fugla á varptíma en fuglalíf á flatlendinu norðan Dyrahólaóss er mjög ríkt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur